



Akureyrarbær

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarskóp Akureyrarbæjar.

Nr. 1674/2021

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn er skipuð ellefu bæjarfulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Akureyrarbær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau lögmæltu verkefni sem sveitarfélaginu eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga.

Bæjarstjórn vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Bæjarstjórn er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um bæjarstjórn.

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn Akureyrarbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
4. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.
6. Að móta stefnu fyrir starfsemi bæjarstjórnar, sviða og stofnana, setja starfsemi bæjarstjórnar reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
7. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
8. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.



Akureyrarbær

9. Að samþykkja og hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
10. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Að setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
12. Að móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem Akureyrarbær hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörunum sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.
13. Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið, starfshætti og framsal til fullnaðarákvörðunar og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur til starfa eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta bæjarstjórnar og skrifara.

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta bæjarstjórnar og tvo varaforseta. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn.

Njótí forseti eða varaforsetar ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforsetar forfallast varanlega eða fá lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta bæjarstjórnar skjal kjósa tvo varaforseta. Kosning varaforseta fer fram með sama hætti og forseta bæjarstjórnar, enda fari ekki um kosningu hans skv. næstu málsgrein.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti fellur frá eða verður varanlega forfallaður skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.



III. KAFLI

Fundur bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundur bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi bæjarstjórnar í sal á 1. hæð í Ráðhúsinu, Geislagötu 9, fyrsta og þriðja þriðjudag í mánuði, kl. 16.00.

Aukafundi skal halda þegar forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að gera hlé á reglulegum fundum bæjarstjórnar yfir sumartíma.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda.

Forseti bæjarstjórnar boðar bæjarstjórnarfundi.

Fundarboð skal berast bæjarfulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um berst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafunda skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Fundarboð og gögn má senda með rafrænum hætti.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Forseti bæjarstjórnar semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við bæjarstjóra og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra.
2. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarfulltrúi eða forseti bæjarstjórnar ákveða að taka á dagskrá.
3. Fyrirspurnir bæjarfulltrúa sem lagðar hafa verið fram með öðrum dagskrármálum.
4. Mál sem bæjarfulltrúar óska eftir að tekið verði á dagskrá og mál sem bæjarfulltrúi óskar að tekið verði á dagskrá skv. 2. tölul. 54. gr. samþykktar þessarar.
5. Mál sem nefndir óska eftir að verði tekin á dagskrá og mál þar sem a.m.k. þriðjungur atkvæðisbærra fundarmanna óskar eftir að tekið verði á dagskrá með bókun á nefndarfundi skv. 1. tölul. 54. gr. samþykktar þessarar.
6. Fundargerðir nefnda skulu fylgja með til kynningar.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það forseta bæjarstjórnar skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu fyrir kl. 11.00 á föstudegi fyrir bæjarstjórnarfund.

Nefnd sem vill vísa máli til bæjarstjórnar skal hafa skilað samþykkt um það í frágenginni fundargerð fyrir kl. 13.00 á fimmtudegi fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum Akureyrarbæjar með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu Akureyrarbæjar um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.



Akureyrarbær

12. gr.

Opnir fundir bæjarstjórnar.

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn Akureyrarbæjar séu viðstaddir.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundir.

Heimilt er einstökum nefndarmanni að taka þátt í fundum bæjarstjórnar, ráða og nefnda með rafrænum hætti í gegnum fjarfundarbúnað skv. 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga ef hann er staddur innan sveitarfélags eða er á ferðum innanlands á vegum Akureyrarbæjar, en að öðrum kosti skal kalla inn varamann.

Ef nefndarmaður, einn eða fleiri, taka þátt í fundi með fjarfundarbúnaði skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarstjórn og ritun fundargerða.

- a. *Fundarstjórn.* Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

- b. *Vald forseta bæjarstjórnar.* Skyld er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.



Akureyrarbær

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.

- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með nafni. Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.
- g. *Hve oft má tala.* Bæjarfulltrúi má tala fjórum sinnum við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Forseti getur í umræðum um umfangsmikil mál heimilað bæjarfulltrúum að taka oftari til máls og skal tilkynna það við upphaf umræðna. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en fjórum sinnum við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. *Ræðutími.* Ekki eru takmarkanir á ræðutíma bæjarfulltrúa. Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann þó lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.
- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókaðar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handaupprettingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.



Akureyrarbær

1. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynja-hlutfall.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarmanna og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarmanni eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins. Bæjarfulltrúar og nefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir bæjarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um bæjarstjóra.

Ákvæði 4. mgr. á ekki við þegar bæjarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, enda eigi bæjarfulltrúi eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Bæjarfulltrúi, nefndarmaður eða starfsmaður sveitarfélagsins sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis skal án tafar vekja athygli forseta bæjarstjórnar, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

18. gr.

Varamenn í bæjarstjórn.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Skyldur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.



Akureyrarbær

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráði eða stjórn á vegum bæjarins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum bæjarins. Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni bæjarins eða verkefni hans.

Mál sem ekki er tilgreint í boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta bæjarstjórnar um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðu.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu bæjarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum bæjarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi bæjarfélagsins og rekstur.

Óski bæjarfulltrúi gagna skal hann beina erindinu til bæjarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra, sem veita honum afrit af gögnum og upplýsingum og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er.

Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings er heimilt að ákveða að afhending gagna fari fram á bæjarskrifstofum í tiltekinn tíma, en að gögn verði ekki afhent utan bæjarskrifstofanna.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirframákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr bæjarfélagi um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í bæjarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein



Akureyrarþéttvangur

missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í bæjarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur upp búsetu í bæjarfélaginu.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og boða varamann.

Forföll samkvæmt 2. mgr. taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í bæjarstjórn muni taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar skal bæjarfulltrúi fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr. Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur aðalmanna í bæjarstjórn, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI

Bæjarráð.

27. gr.

Kosning bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs.

Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

Í hléi á fundum bæjarstjórnar að sumri má kalla aðra frambjóðendur af sama framboðslista sem varamenn í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.



Akureyrarbær

28. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á fimmtudögum. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. 1/3 bæjarráðsmanna óska þess.

29. gr.

Boðun funda bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við bæjarstjóra. Formaður bæjarráðs sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna formanni bæjarráðs um forföll og boða varamann.

30. gr.

Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Starfsmaður bæjarráðs annast fundarritun. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar.

Bæjarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra á fundi bæjarráðs til viðræðna um tiltekin mál.

31. gr.

Trúnaðarmálabók bæjarráðs.

Bókað skal um ákvarðanir bæjarráðs í fundargerð sem er öllum opin.

Bæjarráð getur þó ákveðið að víkja frá því og bóka um tiltekið mál í trúnaðarmálabók þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls.

Það á m.a. við þegar um er að ræða mál er varða einka- eða fjárhagsmálefni tiltekinna einstaklinga eða fyrirtækja, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt skuli fara.

Einnig má bóka í trúnaðarmálabók um umræður og ákvarðanir um fjárhagsleg málefni bæjarins, sem leynt þurfa að fara á meðan unnið er í málinu. Trúnaði skal þá aflétta um leið og þörf á leynd er ekki lengur fyrir hendi.

Við mat á því hvort mál skuli fært í trúnaðarmálabók skal litið til reglna 6.-10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 um rétt almennings til aðgangs að gögnum.

32. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi má tilnefna varamann í forföllum sínum. Ákvæði um launakjör, sbr. 45. gr., eiga einnig við um áheyrnarfulltrúa.

Áheyrnarfulltrúi í bæjarráði skal vera aðalmaður í bæjarstjórn, varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skal uppfylla kjörgengisskilyrði, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

33. gr.

Verkefni bæjarráðs.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn bæjarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.



Akureyrarbær

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnslu bæjarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráð sér um að ársreikningar bæjarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Þá fer bæjarráð með yfirlit kjaramála bæjarstarfsmanna og skipar fulltrúa í kjarasamninganefnd, setur henni erindisbréf og ber ábyrgð á störfum nefndarinnar.

Meðan hlé er á fundum bæjarstjórnar að sumri fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella. Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

34. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar og endurupptöku.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sbr. 67. gr. um viðauka og á grundvelli erindisbréfs skv. 10. tölul. 5. gr. samþykktar þessarar, án staðfestingar bæjarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun,
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum, og
4. ekki er ágreiningur um málið.

Bæjarstjórn veitir bæjarráði heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála skv. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

VI. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir, aðrar en bæjarráð.

35. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Bæjarstjórn kys fulltrúa í nefndir, aðal- og varamenn, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum bæjarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjorið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

36. gr.

Kosning og kjörgengi í nefndir.

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta bæjarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem bæjarfélag á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í bæjarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.



37. gr.

Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er bæjarstjórn heimilt að fela kjörnum nefndum sem taldar eru upp í 48. gr. samþykktar þessarar að afgreiða, án staðfestingar bæjarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Framsalsheimildir nefnda til fullnaðarafgreiðslu skulu koma fram í samþykktum nefnda og í viðauka með samþykkt þessari.

38. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum nefnda.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar bæjarráðs eða bæjarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð.

39. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Ósk um opinn fund skal beina til formanns nefndar, sem sker úr um hvort mál á dagskrá fundar heimila opinn fund.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

40. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir nefnda.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

41. gr.

Varamenn nefnda.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.



Akureyrarbær

Boðun varamanna nefnda.

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á. Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

43. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

44. gr.

Áheyrnarfulltrúar í nefnd.

Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í fastanefnd má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í fastanefnd með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi má tilnefna varamann í forföllum sínum. Ákvæði um launakjör, sbr. 45. gr., eiga einnig við áheyrnarfulltrúa.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

45. gr.

Þóknun fyrir nefndarsetu.

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

46. gr.

Önnur réttindi og skyldur nefndarmanna.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.



Akureyrarbær

47. Gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

48. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir. Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda skv. A- og B-lið:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert.

Bæjarráð. Fimm aðalfulltrúar sem sæti eiga í bæjarstjórn og fimm til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bæjarráð fer með fjárhagsmálefni bæjarins, sbr. 33. gr. samþykktar þessarar, kjaramál, málefni stjórnsýslu og innra stjórnskipulag Akureyrarbæjar, framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, framkvæmd réttindastefnu Akureyrarbæjar, menningar- og atvinnumál, málefni íbúalýðræðis og hverfisnefnda.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar nefndir kosnar:

Fræðslu- og lýðheilsuráð. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið annast málefni grunnskóla, skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, tómstundamál, málefni íþróttar og hollrar hreyfingar, málefni íþróttamannvirkja, málefni sem snýr að lýðheilsu og forvörnum og er bæjarstjórn til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnamál.

Yfirkjörstjórn. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Yfirkjörstjórn sveitarfélagsins fer með verkefni skv. a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 14. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Skipulagsráð. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Skipulagsráð annast störf þau er skipulags- og byggingarnefnd eru falin skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og mannvirkjaráð. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið fer með fasteignir Akureyrarbæjar, málefni Slökkviliðs Akureyrar, Strætisvagna Akureyrar, málefni umhverfismiðstöðvar, Lystigarðs, Hlíðarfjalls, málefni laga um búfjárhald, umhverfismál, náttúruvernd og sorpmál.

Velferðarráð. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Velferðarráð fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, stjórn málefna aldriðra, þjónustu við fatlað fólk skv. 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og framkvæmd laga um húsnæðismál nr. 44/1998, önnur en fjárhagsmál sem heyra undir bæjarráð.

C. **Tilnefning til fimm ára:**

Bæjarstjórn ásamt þeim sveitarfélögum sem eiga aðild að umdæmisráði barnaverndar landsbyggða, skipa fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar sbr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 2. gr. samnings um umdæmisráð landsbyggða. Skipa skal fimm fulltrúa í valnefnd og jafnmarga til vara, einn frá hverjum landsfjórðungi og sá fimmti frá umsýslusveitarfélagi hverju sinni. Valnefnd skipar í umdæmisráð barnaverndar landsbyggða.

D. **Tilnefningar þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga og í stjórnir:**

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar. Tveir aðalmenn og tveir til vara, sbr. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra. Tveir aðalmenn og tveir til vara, sbr. samþykktir fyrir SSNE frá 15. nóvember 2019. Þessir stjórnarmenn skulu kosnir til fjögurra ára, í upphafi hvers nýs kjörtímabils sveitarstjórnar.

Umdæmisráð barnaverndar Eyjafjarðar. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.



Akureyrarbær

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

Hafnasamlag Norðurlands. Fimm aðalmenn og fimm til vara, skv. lögum um hafnamál nr. 61/2003 og sbr. stofnsamning frá 28. desember 1996.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fimm þingfulltrúar og fimm til vara skv. 7. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Skólanefndir Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri. Bæjarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara í hvora nefnd skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Tveir aðalmenn úr hópi bæjarfulltrúa og tveir til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni sjóðsfélagar tilnefndir af Kili og tveir til vara og bæjarstjóri eða sviðsstjóri fjársýslusviðs sem er formaður, sbr. 4. gr. samþykktu fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar.

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar. Bæjarstjórn skipar tvo aðalmenn og tvo til vara, sbr. 1. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

E. **Aðrar nefndir sem stofnaðar verða lögum samkvæmt.**

Öldungaráð. Bæjarstjórn tilnefnir þrjú fulltrúa og þrjú til vara sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Bæjarstjórn tilnefnir þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. lög nr. 37/2018.

F. **Verkefnabundnar nefndir.**

Bæjarstjórn og bæjarráð geta skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

VII. KAFLI

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn Akureyrarbæjar.

49. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði og bæjarstjórn.

50. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnýsli sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þar sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi Akureyrarbæjar. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarráðs. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

Bæjarstjóri og sviðsstjórar skulu í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita kjörnum fulltrúum upplýsingar og ráðgjöf sem byggist á staðreyndum og faglegu mati á valkostum þannig að kjörnir fulltrúar geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun.

Ákvæði þetta á jafnframt við um ráðgjöf sviðsstjóra stoðþjónustu, s.s. sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjársýslusviðs og bæjarlögmanns/persónuverndarfulltrúa til annarra sviðsstjóra.



Akureyrarbær

51. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar og að höfðu samráði við viðkomandi fagrað, ræður sviðsstjóra sem heyra beint undir hann í skipuriti svo og framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs og veitir þeim lausn frá starfi.

Bæjarstjóri í samráði við forseta bæjarstjórnar ákveður hver skuli gegna störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

52. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Sviðsstjórar ráða forstöðumenn.

Sviðsstjórar og forstöðumenn ráða aðra starfsmenn.

53. gr.

Framsal bæjarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er bæjarstjórn heimilt að fela sviðsstjórum, skipulagsfulltrúa og forstöðumanni og starfsmönnum barnaverndarþjónustu fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 37. gr. samþykktar þessarar.

Framsalsheimildir sviðsstjóra til fullnaðarafgreiðslu skulu koma fram í samþykktum fagnefnda sem hafa eftirlit með heimildum þeirra, í erindisbréfum sviðsstjóra og í viðauka með samþykkt þessari.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu sviðsstjóra en viðkomandi fagrað hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Sviðsstjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi fagraðs til fullnaðarafgreiðslu.

54. gr.

Mál sem fengið hafa fullnaðarafgreiðslu nefnda eða sviðsstjóra er heimilt að vísa til bæjarstjórnar.

Mál sem sviðsstjóra er heimilt að afgreiða eða sem hefur fengið afgreiðslu í nefnd getur komið til ákvörðunar bæjarstjórnar með tvennum hætti:

1. Nefnd er skylt að vísa afgreiðslu máls til bæjarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur atkvæðisbærra fundarmanna óskar eftir því með bókun á nefndarfundi.
2. Bæjarfulltrúi getur með formlegri og rökstuddri tillögu óskað þess að ákvörðun nefndar skv. 36. gr. eða sviðsstjóra skv. 53. gr. verði tekin á dagskrá bæjarstjórnar. Þetta gildir þó ekki ef ákvörðun hefur verið tilkynnt málsaðila og hagsmunir hans mæla gegn því að mál verði tekið upp að nýju.

55. gr.

Endurupptaka mála.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá bæjarstjórn, nefnd eða sviðsstjóra ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til bæjarráðs og verður að jafnaði að koma fram áður en þrjár mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu. Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur bæjarráð ákvörðun um málsmeðferð.

56. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Akureyrarbæjar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt



Akureyrarbær

lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls, sbr. og 42. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

57. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni, ákvæðum ráðningarsamninga, reglum um ábyrgðarmörk stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ, reglum um hlutverk stjórnenda, mannauðsstefnu og mannréttindastefnu Akureyrarbæjar.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

58. gr.

Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki veittar beinar undanþágur í lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. álagningu skatta og gjalda,
6. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

Bæjarstjórn veitir bæjarráði fullnaðarákvörðun um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

59. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð eða bæjarstjóri leggja samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjar-sjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

60. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 58. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun



Akureyrarbær

um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

61. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012.

62. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

63. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

64. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – þátttökulýðræði.

65. gr.

Borgarafundur, íbúáþing, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúáþing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.



Akureyrarbær

66. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 20% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk bæjarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

67. gr.

Viðaukar um fullnaðarafgreiðslur nefnda, ráða og stjórna og sviðsstjóra.

Samþykkt þessari fylgja viðaukar um fullnaðarafgreiðslur nefnda, ráða og stjórna í samræmi við heimildir 37. gr. samþykktarinnar og um fullnaðarafgreiðslu sviðsstjóra innan stjórnarsýslu Akureyrarbæjar í samræmi við heimildir 53. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

68. gr.

Gildistaka.

Breytingar á samþykkt þessari sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 13. mars 2023.

Birt í Stjórnartíðindum 15. mars 2023



Akureyrarbær

VIÐAUKAR

við samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórnna, nefnda og sviðsstjóra í stjórnslu Akureyrarbæjar án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.

Með vísan til 67. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar eru settir eftirtaldir viðaukar við samþykktina:

Viðaukarnir varða fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórnna og nefnda og sviðsstjóra og skipulagsfulltrúa í stjórnslu Akureyrarbæjar á eftirtöldum málefnasviðum:

Viðauki 1.1. Skipulagsráð.

Viðauki 1.2. Bæjarlögmaður.

Viðauki 1.3. Sviðsstjóri fjársýslusviðs.

Viðauki 1.4. Sviðsstjóri mannauðssviðs.

Viðauki 1.5. Skipulagsfulltrúi.

Viðauki 1.6. Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs.

Viðauki 1.7. Sviðsstjóri velferðarsviðs.

VIÐAUKI 1.1

Skipulagsráð.

3. gr.

Skipulagsráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði nefndarinnar ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun,
- c) þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi svæðis- og aðal- og deiliskipulagsáætlana, umhverfis- og samgöngustefnu og byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar.

4. gr.

Skipulagsráð afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Ákvörðun um hvort að sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
2. Samþykkt og kynning lýsingar deiliskipulags samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
3. Ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
4. Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
5. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi en framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
6. Ákvörðun um heiti á götum, vegum, torgum og hverfum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga, að fenginni umsögn nafnanefndar.
7. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða.
8. Ákvörðun um samþykkt á framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir.
9. Ákvörðun um samþykkt og útgáfu á framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga.



Akureyrarbær

10. Ákvörðun um að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
11. Ákvörðun um að beita dagsektum í samræmi við 54. gr. skipulagslaga.

5. gr.

Skipulagsráð afgreiðir eftirtalin verkefni laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 án staðfestingar bæjarstjórnar:

1. Veitir umsögn um matsskyldar framkvæmdir skv. 5. gr. laganna.
2. Veitir umsögn um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka laganna.
3. Tekur ákvörðun samkvæmt 6. gr. laganna um hvort framkvæmd sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind er í flokki C í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

4. gr.

Fundargerðir skipulagsráðs skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

5. gr.

Eftir að skipulagsráð hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

6. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993.

7. gr.

Bæjarstjórn felur forstöðumanni skipulagsmála að afgreiða mál á starfssviði hans, sem heyrna undir skipulagsráð, sbr. viðauka 2.4. Bæjarstjórn setur reglur um afgreiðslu þessara mála. Skipulagsráð hefur eftirlit með afgreiðslum forstöðumanns skipulagsmála og skulu þær kynntar á næsta reglulega fundi skipulagsráðs.

VIÐAUKI 1.2

Bæjarlögmaður.

1. gr.

Bæjarlögmaður afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði bæjarráðs:

Umsagnir til sýslumanns vegna tækifærisleyfa skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 og vegna leyfa til sölu gistingar, veitinga og útleigu samkomusala í atvinnuskyni, sem m.a. staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til, skv. 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007.

2. gr.

Bæjarlögmanni er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til bæjarráðs til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Ákvarðanir bæjarlögmanns skulu kynntar bæjarráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.



Akureyrarbær

Eftir að bæjarlögmaður hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

5. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.3

Sviðsstjóri fjársýslusviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri fjársýslusviðs afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eftirtalin mál sem eru á verk-efnasviði bæjarráðs:

Umsóknir um afslátt af fasteignaskatti skv. reglum um afslátt af fasteignaskatti, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

2. gr.

Sviðsstjóra fjársýslusviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til bæjarráðs til fullnaðar-afgreiðslu, s.s. ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Ákvarðanir sviðsstjóra fjársýslusviðs skulu kynntar bæjarráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

4. gr.

Eftir að sviðsstjóri fjársýslusviðs hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

5. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.4

Sviðsstjóri mannaússviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri mannaússviðs afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar, eftirtalin mál sem eru á verk-efnasviði bæjarráðs:

1. röðun starfsmanna í launaflokka,
2. túlkun kjarasamninga að öðru leyti að því marki sem slíkt er ekki ákveðið í samráðsnefndum aðila kjarasamninga.



Akureyrarbær

Sviðsstjóra mannauðssviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til bæjarráðs til fullnaðar-afgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, kjarasamningar eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Ákvarðanir sviðsstjóra mannauðssviðs skulu kynntar bæjarráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

4. gr.

Ákvörðunum sviðsstjóra mannauðssviðs skv. 1. gr. er hægt að vísa til samráðsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

5. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.5 Skipulagsfulltrúi.

1. gr.

Forstöðumaður skipulagsmála fer með hlutverk skipulagsfulltrúa í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

2. gr.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010, án staðfestingar bæjarstjórnar, sem eru á verkefnasviði skipulagsráðs, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. laganna fyrir framkvæmdum sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir,
 2. afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. ml. 1. mgr. 41. gr. laganna,
 3. afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu. Skipulagsfulltrúa er einnig heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga,
 4. framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur,
 5. stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað,
 6. framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til skipulagsráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir,
 7. ræður til starfa byggingarfulltrúa í samræmi við 8. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Um afgreiðslur skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, ákvæði reglugerða settra á grundvelli laganna og samþykktir Akureyrarbæjar ef við á.

3. gr.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa sem taldar eru upp í 2. gr. skulu kynntar á næsta reglulega fundi skipulagsráðs.



Akureyrarþættir

Skipulagsfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 2. gr. til skipulagsráðs til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulagsráðs.

5. gr.

Eftir að skipulagsfulltrúi hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

6. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.6

Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsuviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsuviðs afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði fræðslu- og lýðheilsuráðs:

1. ráðningar skólastjóra,
2. samninga til eins árs sem eru í samræmi við starfsáætlun ráðsins,
3. leyfi fyrir skólavist í öðrum sveitarfélögum,
4. leyfi fyrir skólavist nemenda í skólum á Akureyri sem eiga lögheimili utan Akureyrar,
5. leyfi fyrir rannsóknnum í skólum,
6. umsóknir um launalaus leyfi,
7. umsóknir um leikskólavist,
8. umsóknir um tíma vegna sérkennslu í leik- og grunnskólum og aðra sérþjónustu,
9. leyfi fyrir leikskólavist í öðrum sveitarfélögum,
10. leyfi fyrir leikskólavist í leikskólum Akureyrar fyrir börn sem eiga lögheimili utan Akureyrar,
11. leyfi til daggæslu barna í heimahúsum.

2. gr.

Sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsuviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til fræðslu- og lýðheilsuráðs til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Ákvarðanir sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsuviðs skulu kynntar fræðslu- og lýðheilsuráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

4. gr.

Eftir að sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsuviðs hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.



Akureyrarbær

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.7

Sviðsstjóri velferðarsviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði velferðarráðs:

- a) umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð,
- b) umsóknir um leiguhúsnæði skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og reglum um leiguíbúðir Akureyrarbæjar frá 15. mars 2016 og undanþágur frá þeim,
- c) umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- d) umsóknir um heimaþjónustu skv. reglum um heimaþjónustu Akureyrarbæjar,
- e) umsóknir um búsetu fyrir fatlað fólk,
- f) umsóknir um ferliþjónustu skv. reglum um ferliþjónustu á Akureyri,
- g) umsóknir um stoðþjónustu skv. 8. og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, skammtímaþjónustu og fleira.

2. gr.

Sviðsstjóra velferðarsviðs er heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. gr. til velferðarráðs til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

3. gr.

Ákvarðanir sviðsstjóra velferðarsviðs skulu kynntar velferðarráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

4. gr.

Eftir að sviðsstjóri velferðarsviðs hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

5. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

VIÐAUKI 1.8

Forstöðumaður barnaverndar og starfsfólk barnaverndar Akureyrarbæjar.

I. KAFLI

Grundvöllur.

1. gr.

Grundvöllur.

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hér eftir barnaverndarlög. Þar sem tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar er í samþykkt þessari falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald.



Akureyrarbær

Forstöðumaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar hefur heimild til að taka ákvörðun fyrir hönd barnaverndarþjónustunnar þegar ekki er sérstaklega mælt fyrir um það í viðauka þessum hver hefur þá heimild.

2. gr.

Skilgreining á hugtökum.

Forstöðumaður barnaverndar Akureyrarbæjar er æðsti stjórnandi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Sviðsstjóri félagsmálasviðs Dalvíkurbyggðar er stjórnandi félagsþjónustusvæðis í Dalvíkurbyggð. Fagráð Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar er samstarfsvettvangur forstöðumanns barnaverndarþjónustu og sviðsstjóra félagsmálasviðs Dalvíkurbyggðar.

Lögfræðingur er lögfræðimenntaður starfsmaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, með starfsheitið lögfræðingur eða lögmaður velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Teymisfundur er fundur teymis þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð, lagt mat á stefnu máls og ákvarðanir teknar. Teymisfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar í viku og eru á ábyrgð forstöðumanns Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar sem einnig stýrir fundum. Á fundunum tekur forstöðumaður ákvarðanir þ.m.t. um könnun máls og úthlutun tiltekinna mála til starfsmanna.

Sérhæfðir starfsmenn barnaverndarþjónustu starfa á skrifstofu barnaverndarþjónustu í teymi og teljast sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi í barnaverndarþjónustu, ráðgjafi í barnaverndarþjónustu með annars

konar uppeldismenntun eða sálfræðingur barnaverndarþjónustu.

Starfsmaður er starfsmaður í Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

Barnaverndarteymi er teymi sérhæfðra starfsmanna sem starfa í Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

3. gr.

Heimildir og umboð starfsmanna.

Í forföllum eða fjarveru forstöðumanns Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar leysir lögfræðingur velferðarsviðs Akureyrarbæjar forstöðumann barnaverndarþjónustu af. Í forföllum eða fjarveru þeirra beggja leysir sérhæfður starfsmaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar hann af.

4. gr.

Starfslið.

Forstöðumaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar ræður starfslið Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Undantekning þeirrar reglu er að stjórnandi félagsþjónustusvæðis Dalvíkurbyggðar ræður starfsmenn Dalvíkurbyggðar sem verða hluti af barnaverndarteymi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Starfslið heyrir undir boðvald forstöðumanns Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar í málum sem heyra undir barnaverndarþjónustuna. Forstöðumanni er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð einstakra mála eftir því sem þörf er á hverju sinni innan heimilda barnaverndarlaga og sveitarstjórnarlaga hverju sinni. Þá er forstöðumanni heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustu.

Forstöðumaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi þó barn hafi fasta búsetu í umdæmi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Sömuleiðis getur forstöðumaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga, með síðari breytingum. Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun vegna barns sem statt er í umdæmi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar en hefur fasta búsetu annars staðar getur forstöðumaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar eða lögfræðingur, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið, sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.



II. KAFLI

Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

6. gr.

Nafnleynd.

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur lögfræðingur eða forstöðumaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar tekið ákvörðun um slíka beiðni. Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur forstöðumaður tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur forstöðumaður jafnframt óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Ákvörðun um könnun máls.

Þegar tilkynning berst skal sérhæfður starfsmaður taka afstöðu til þess hvort bregðast þurfi við þegar í stað og kanna málið og þá í samráði við forstöðumann Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Sama gildir þó sérhæfður starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en tilkynningu. Um tilkynningar í barnaverndarmálum er fjallað á teymisfundum og ákvörðun um könnun máls er tekin á teymisfundum. Forstöðumaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, að höfðu samráði við teymi, tekur ákvörðun á meðferðarfundi um hvort hefja skuli könnun máls. Forstöðumaður barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði við teymi, tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar forstöðumaður barnaverndarþjónustu málinu til sérhæfðs starfsmanns í barnaverndarteyminu.

8. gr.

Úthlutun annarra mála.

Mál sem heyra undir Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal forstöðumaður barnaverndarþjónustu úthluta í vinnslu til sérhæfðs starfsmanns.

9. gr.

Skipan talsmanns.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við forstöðumann taka afstöðu til þess á teymisfundi hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Ávallt skal hafa í huga hvort þörf sé á að skipa barni talsmann á meðan mál þess er til umfjöllunar hjá barnaverndarþjónustu.

10. gr.

Könnun máls.

Sérhæfðir starfsmenn vinna áætlun um könnun máls í samræmi við ákvörðun teymisfundar. Sérhæfður starfsmaður sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáradila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Sérhæfður starfsmaður fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns, sbr. 22. gr. a. barnaverndarlaga. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber sérhæfðum starfsmanni við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Að lokinni könnun máls skal teymisfundur, sbr. 5. mgr. 2. gr. viðauka þessa, taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr.



Akureyrarbær

11. gr.

Lögglurannsókn.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur sérhæfður starfsmaður í samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáradila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn.

12. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu getur tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra, með samþykki forsjáradila. Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er sérhæfðum starfsmanni heimilt, að höfðu samráði við aðra starfsmenn og með samþykki forstöðumanns, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr., að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

III. KAFLI

Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.

13. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Sérhæfður starfsmaður, í samvinnu við forsjáradila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

Sérhæfður starfsmaður skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Ákvörðun um lokun máls er tekin á teymisfundum, sbr. 5. mgr. 2. gr. viðauka þessa. Sérhæfður starfsmaður leggur málið fyrir fund með tillögu um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr.

Framkvæmd meðferðaráætlunar.

Sérhæfður starfsmaður skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Sérhæfður starfsmaður getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

15. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu getur, með samþykki forsjáradila og barns sem náð hefur 15 ára aldri, mælt fyrir um að:

- Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar taki við forsjá eða umsjá barns og visti barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns, sbr. a- og b-lið skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

Ákvörðun um að taka við forsjá og ákvörðun um vistun eða fóstur sem varir í eða ætlað er að vara samfellt í 6 mánuði eða lengur skal staðfest af forstöðumanni barnaverndarþjónustu.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Að



Akureyrarbær

jafnaði skal ákvörðun tekin að undangengnu samráði á teymisfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal sérhæfður starfsmaður fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um að tryggja umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um að fara fram á það við Umdæmisráð landsbyggða að ráðið kveði upp úrskurð gegn vilja foreldra og barns sem er 15 ára eða eldra í samræmi við 26.-29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

18. gr.

Úrræði vegna ófæddra barna.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns, að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaganna, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

19. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

20. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi og eftir atvikum við lögfræðing.

21. gr.

Fyrirsvar fyrir dómi.

Lögfræðingur velferðarsviðs Akureyrarbæjar fer með fyrirsvar fyrir Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar fyrir dómi. Sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði við lögfræðing, taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvadds mats, kærú og áfrýjun mála til æðri dómstóla o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða að falla frá máli skulu staðfestar af forstöðumanni barnaverndarþjónustu.

IV. KAFLI

Ráðstöfun barna í fóstur.

22. gr.

Fóstur.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013 um greiðslur vegna barna í fóstur. Sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði á teymisfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjárskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstur, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.



23. gr.

Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum.

Sérhæfður starfsmaður sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Sérhæfður starfsmaður skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

24. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar getur sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu og að höfðu samráði á teymisfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins. Sérhæfðum starfsmanni og forstöðumanni barnaverndarþjónustu er heimilt, að undangengnu samráði á teymisfundi, að afsala forsjá barns til hins kynforeldrisins ef hagsmunir barnsins eru taldir best tryggðir með þeim hætti.

25. gr.

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr., skal forstöðumaður barnaverndarþjónustu taka ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess eða að aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

26. gr.

Fóstursamningur.

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal sérhæfður starfsmaður ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á teymisfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur sérhæfður starfsmaður, með samþykki forstöðumanns og í samráði við lögfræðing, með rökstuddri ákvörðun breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr.

Greiðslur til fósturforeldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarþörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fósturi með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi taka afstöðu til beiðinnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

28. gr.

Slit fóstursamnings.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddri bókun.



29. gr.

Framfærsluskylda foreldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri bókun.

30. gr.

Umgengni í fóstri.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal sérhæfður starfsmaður hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun teymisfundar. Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns og að höfðu samráði á teymisfundi og við lögfræðing gert tillögu um að umdæmisráð landsbyggða úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 74. og 81. gr. barnaverndarlaga.

V. KAFLI

Málsmeðferð barnaverndarmála.

31. gr.

Aðgangur að gögnum máls.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og lögfræðing, um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

32. gr.

Aðstoð lögmanns.

Lögfræðingur í samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu annast gerð reglna um greiðslur fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga. Forstöðumaður barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun í samráði við lögfræðing og fagrað Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur um veitingu fjárstyrks og lögfræðingur tekur ákvörðun um greiðslu fjárstyrks í samræmi við reglur Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar um greiðslur fjárstyrks.

VI. KAFLI

Úrræði á ábyrgð sveitarfélagsins.

33. gr.

Sumardvöl á vegum Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl í umdæmi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

34. gr.

Stuðningsfjölskyldur á vegum Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda, sbr. 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar sérhæfður starfsmaður hefur skrifað greinargerð um mál að



Akureyrarbær

lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Fara skal eftir verklagi sem fagrað Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar setur um umsagnir vegna stuðningsfjölskyldna.

35. gr.

Heimili og önnur úrræði á vegum Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um að gera skriflega samninga, skv. 5. gr. reglugerðar nr.

652/2004, við þá aðila sem taka að sér þjónustu við börn í formi stuðnings eða vistunar.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu ber ábyrgð á innra eftirliti með úrræðum þ.m.t. að einkaaðili uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi hans, jafnframt hefur hann samskipti við Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og eftir atvikum aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004, með síðari breytingum.

36. gr.

Útvistun mála samkvæmt þessum kafla.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu getur gert samninga við starfseiningar Akureyrarbæjar, aðrar stofnanir eða sérfræðinga til að sjá um afgreiðslu umsókna, gerð umsagna, gerð greinargerða, gerð samninga og annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. KAFLI

Umsagnarmál.

37. gr.

Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.

Sérhæfður starfsmaður annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir teymisfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður umsækjanda og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði í samræmi við lög um ættleiðingar og reglugerð um ættleiðingar.

VIII. KAFLI

Endurupptaka.

38. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá lögfræðingi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Telji lögfræðingur að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar taka málið upp að nýju.